

59. fundur

Hafnarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 4. júní 2009 kl. 18.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Símon Már Sturluson, formaður, Erla Friðriksdóttir, hafnarstjóri, Hrannar Pétursson, hafnarvörður, Guðbrandur Björgvinsson, Alfreð V. Þórólfsson og Sigrún E. Svavarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Gjaldskrármál.
Samþykkt að hækka gjaldskrá Stykkishólmshafnar um 11,6%, í takt við hækkun vísitölu neysluverðs að krana gjaldi undanskildu.
2. Deiliskipulagstillaga.
Kynning formanns á tillögu.
3. 100 ára afmæli hafskipabryggjunnar.
Formaður kynnir störf afmælisnefndar.
4. Flotbryggjur.
Samþykkt að óska eftir fundi með Siglingastofnun vegna flotbryggju og sjórofs.
5. Umsóknir skilti.
Samþykkt að útlit skilta við höfnina verði samræmt.
6. Önnur mál.
Rætt um geymslupláss fyrir báta á þurru við Skipavík.

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19.35.

Erla Friðriksdóttir (sign.),
Símon Sturluson (sign.),
Hrannar Pétursson (sign),
Guðbrandur Björgvinsson (sign),
Alfreð Þórólfsson (sign.),
Sigrún E. Svavarsdóttir (sign.).